

Úttektarkerfið

Tilgangur úttektarkerfis er að ganga úr skugga um að opinbert eftirlit sem framkvæmt er á grundvelli laga og reglugerða um matvæli, fóður, dýraheilbrigði og dýravelferð sé í samræmi við kröfur viðeigandi löggjafar, að því sé framfylgt með árangursríkum hætti og að það henti til að ná markmiðum viðkomandi löggjafar.

Úttektarkerfið tekur til alls opinbers eftirlits með matvælum, fóðri, dýraheilbrigði og dýravelferð sem framkvæmt er í landinu og nær því til allra þeirra sem hafa lögbundnu hlutverki að gegna skv. eftirlitslöggjöfinni.


Úttektirnar eru flokkaðar í þrjá megin flokka:

- **Lárétt úttekt:** þverfagleg úttekt sem nær yfir fleiri en einn eftirlitsþega eða flokk. Getur átt við innleiðingu á eftirlitslöggjöfinni, rekjanleika matvæla, neysluvatn o.fl.
- **Lóðrétt úttekt:** er innan flokks úttekt og er einblínt á einhvern einn eftirlitsþega. Getur átt við hreinlæti í sláturhúsum, flutningur á dýrum o.fl.
- **Eftirfylgni fyrri úttekta:** Úttekt þar sem fylgt er eftir athugasemdum fyrri úttekta.

Flokkar

Úttektaráætlunin skal tryggja að á 5 árum verði farið í úttekt í öllum flokkum. Við ákvörðun á flokkum var notast við ferla Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlitsins. Þeir flokkar sem kerfið nær yfir eru: Matvæli úr dýraríkinu, Matvæli úr plönturíkinu, Fóður, Sértek löggjöf, Dýravelferð, Dýraheilbrigði, Inn- og útflutningur, Rannsóknarstofur og Dreifing.

Mynd 1. Úttektarflokkar



Úttektaráætlun

Áætlunin skal unnin á gegnsæjan hátt þar sem fram koma áhættumiðuð forgangspatriði sem gefa til kynna viðeigandi áhættumiðaða tíðni úttekta. Áætlunin skal ekki spanna meira en 5 ár og á því tímabili skal úttekt fara fram a.m.k. einu sinni á öllum þeim sviðum og hjá öllum þeim lögbæru yfirvöldum sem falla undir löggjöfina.

Í töflum 1 og 2 má sjá landsbundna úttektaráætlun til 5 ára (LÚMA). Við gerð áætlunarinnar var tekið til greina athugasemdir frá fyrrum úttektum ESA, innleiðingar nýrra reglugerða og flokkar metnir eftir nauðsyn á úttekt og áhættu. Áætlunin skal að minnsta kosti endurskoða innan 3 ára.

Tafla 1. Landsbundin úttektaráætlun til 5 ára


Flokkur	2019	2020	2021	2022	2023
Matvæli úr dýraríkinu			X	X	X
Matvæli úr plönturíkinu				X	X
Fóður					X
Sértæk löggjöf	X			X	X
Dýravelferð		X	X	X	X
Dýraheilbrigði	X			X	
Inn- og útflutningur					X
Rannsóknarstofur					
Framleiðsla og dreifing	X	X		X	

Tafla 2 Landsbundin úttektaráætlun til 5 ára

Ár	Matvæli úr dýrarkinu	Matvæli úr plönturikinu	Fóður	Sértæk löggjöf	Dýravelferð	Dýraheilbrigði	Rannsóknastofur	Inn- og útflutningur	Framleiðsla og dreifing
2019						Nautgripir - Kúariða			Skipulag eftirlits og eftirfylgni þess og eftirlit með neysluvatni
2020					Eftirlit með velferð nautgripa				
2021	Daglegt eftirlit í sláturhúsum				Daglegt eftirlit í sláturhúsum				
					Eftirlit með velferð nautgripa				
2022			Skipulag fõðureftirlits, framkvæmd og eftirfylgni		Eftirlit með velferð nautgripa (frh)				Skipulag eftirlits og eftirfylgni þess
									Eftirlit með merkingum matvæla
2023		Eftirlit með lífrænni ræktun			Eftirlit með velferð hrossa	Reglubundið eftirlit með fisksjúkdómum	Reglubundið eftirlit með fisksjúkdómum	Eftirlit með lífrænni ræktun	

Breytingar geta orðið með gerð ársáætlana vegna innri og ytri þátta svo sem úttektaáætlana Eftirlitsstofnunar EFTA og/eða vegna niðurstaðna í eftirliti svo dæmi séu tekin.

Samþykkt í úttektastjórn, 19.11.2021



F.h. úttektastjórnar,
Kolbeinn Árnason, skrifstofustjóri